

Minnisblað

Efni: Fyrirspurn vegna Landsvirkjunar – frh.

Til: Efnahags- og skattanefndar.

Frá: Hafsteini S. Hafsteinssyni

Með tölvubréfi var óskað eftir svörum við nokkrum spurningum í tengslum við frumvarp á þskj. 205-188 mál sem nú er til meðferðar fyrir efnahags- og skattanefnd. Meðfylgjandi eru svör við fyrirspurninni.

1. Hefur frumvarpið áhrif á skattskyldu Landsvirkjunar gagnvart ríkissjóði, sbr. 4. gr. TSL (nr. 90/2003)

Félagið nýtur ekki umræddra undanþága skv. núverandi lögum og mun ekki gera það þó frumvarpið verði að lögum. Frumvarpið á því ekki að breyta núverandi ástandi að þessu leyti.

2. Er ekki viðurhlutaminnna fyrir ríkið að breyta fyrirtækinu í hlutafélag, hvers vegna er sú leið ekki farin?

Ekki verður séð að breyting á félaginu í hlutafélag hefði verið viðurhlutaminni. Auk félagsstofnunarinnar hefði samt sem áður þurft að fara fram með sérstakt frumvarp um breytingu á lögum um Landsvirkjun eins og gert hefur verið. Ástæða þess er sú að enn er gert ráð fyrir því að ríkið geti ábyrgst einfaldri ábyrgð tilteknar skuldir félagsins, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Jafnframt hefði þurft að hafa í slíku frumvarpi bráðabirgðaákvæði varðandi áframhaldandi ábyrgð á eldri skuldbindingum eins og finna má í núverandi frumvarpi. Auk þess má gera ráð fyrir að samráð eða samþykki lánadrottna félagsins hefði þurft til slíkra breytinga. Breyting á félagiforminu hefði því í raun verið viðurhlutameiri aðgerð fyrir ríkið og félagið. Frumvarpið kemur ekki í veg fyrir það að skoðað verði síðar hvort rétt sé að stíga skrefið til fulls og breyta félaginu í hlutafélag enda verði vilji til þess hjá félaginu og eigendum þess.

3. Er ríkisábyrgðargjald skattur eða þjónustugjald?

Það er mjög erfitt að heimfæra umrædd ríkisábyrgðargjöld samkvæmt frumvarpinu undir hinar hefðbundnu skilgreiningar skatta og eða þjónustugjalda. Hér er um að ræða gjald sem sett er á vegna krafna ESA á grundvelli samningsskuldbindinga og ríkisstyrkjareglna. Gjaldið byggir á þeirri forsendu að um sé að ræða ríkisstyrk ef það nemur ekki a.m.k. þeim mismun sem er á láni á almennum markaði án ríkisstyrks og hins vegar á láni með ríkisstyrk. Gjaldinu er einnig ætlað að standa undir hugsanlegu tjóni ríkissjóðs vegna ábyrgðanna. Í bókhaldi ríkissjóðs er gjald þetta fært sem aðrar ríkistekjur.

Minnisblað

Efni: Fyrirspurn vegna Landsvirkjunar.

Til: Efnahags- og skattanefndar.

Frá: Hafsteini S. Hafsteinssyni

Með tölvubréfi var óskað eftir svörum við nokkrum spurningum í tengslum við frumvarp á þskj. 205-188 mál sem nú er til meðferðar fyrir efnahags- og skattanefnd. Meðfylgjandi eru svör við fyrirspurninni.

1. Getur Landsvirkjun starfað áfram undir yfirskyni sameignarfélags ef frumvarpið verður að lögum?

Í 1. gr. núgildandi laga kemur fram að ríkissjóður og Eignarhlutir ehf., sem alfarið er í eigu ríkissjóðs, eru í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Landsvirkjunar.

Í 2. gr. laga um sameignarfélög nr. 50/2007 er kveðið á um sameignarfélag sé samstarfsform sem byggist á samningi tveggja eða fleiri aðila um sameiginlega fjárhagslega starfsemi þar sem allir félagsmenn bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

Landsvirkjun er nú þegar fyrirtæki með sérstakt lögbundið rekstrarform, sem verður helst líkt við sameignarfélag, en þó með þeim afbrigðum á ábyrgð sem felast í 1. gr. laga um fyrirtækið. Ákvæðið um að hver eigandi sé í einfaldri ábyrgð felur nú þegar í sér frávik frá þeirri almennu reglu sem gildir um sameignarfélög.

Þar sem sérlögum um Landsvirkjun sleppir gilda hins vegar almenn lög um sameignarfélög nr. 50/2007.

Verði frumvarp það sem nú er til meðferðar að lögum mun Landsvirkjun áfram verða sameignarfélag en með talsverðum frávikum frá grunneinkennum sameignarfélaga skv. lögum um sameignarfélög.

2. Munu ákvæði laga um sameignarfélög eiga við um starfsemi Landsvirkjunar ef frumvarpið verður að lögum?

Lög nr. 42/1983 eru sérlög um Landsvirkjun. Þau ganga framur almennum lögum eins og lögum um sameignarfélög. Á því verður ekki breyting þótt frumvarpið verði að lögum.

Þar sem lög um Landsvirkjun sleppir taka lög um sameignarfélög hins vegar við eins og rakið er í svari við spurningunni hér að framan.

3. Felur frumvarpið í sér breytingu á rekstrarformi Landsvirkjunar í hlutafélag?

Nei, ábyrgð eigenda verður hins vegna nánast takmörkuð eftir fyrirhugað breytingu og því um margt líkt ábyrgð eigenda í hlutafélögum.

4. Hvaða lántökur Landsvirkjunar munu ekki njóta ábyrgðar ríkisins verði frumvarpið að lögum og þar með ekki þurfa samþykki fjármálaráðherra?

Verði frumvarpið að lögum mun ábyrgð eigenda aðeins ná til þeirra skuldbindinga sem sérstaklega verða heimilaðar skv. 2. gr. frumvarpsins, þ.e. að undangengnu samþykki fjármálaráðherra.

Samkvæmt greininni er Landsvirkjun hins vegar heimilt, án sérstaks samþykkis fjármálaráðherra, að taka lán án ríkisábyrgðar. Með sama hætti og gildir um aðrar skuldbindingar fyrirtækisins, sem ekki eru með ríkisábyrgð, sbr. 1. gr. frumvarpsins, er ábyrgð á slíkum skuldbindingum eingöngu takmörkuð við fyrirtækið og ekki á hendi eigendanna.

Aðrar skuldbindingar sem fyrirtækið stofnar til eftir samþykki laganna, verði frumvarpið samþykkt, njóta því ekki ríkisábyrgðar.

5. Eru einhverjar ábyrgðir ríkisins á skuldbindingum Landsvirkjunar sem falla niður verði frumvarpið samþykkt og hverjar eru þær?

Verði frumvarpið að lögum þá kemur fram í a-lið 1. gr. frumvarpsins að "*Ábyrgð eigenda nær ekki til annarra skuldbindinga fyrirtækisins.*" Ábyrgðin fellur því ótvírætt niður vegna framtíðarskuldbindinga Landsvirkjunar ef fyrirtækið óskar ekki sérstaklega eftir því að eigandi ábyrgist greiðslur skv. 2. gr. frumvarpsins.

Ábyrgðir eigenda á öðrum eldri skuldbindingum Landsvirkjunar og ekki er fjallað um í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, falla niður frá og með gildistöku laganna og ábyrgðin er þar með ekki ótakmörkuð eins og verið hefur, sbr. greinargerð.

Það er erfitt að tilgreina nákvæmlega hvaða skuldbindingar það eru sem ekki verða með ríkisábyrgð eftir samþykki laganna. Ljóst er hins vegar að slíkar skuldbindingar verða einungis örlítill hluti af heildarskuldbindingum félagsins við samþykki frumvarpsins. Væntanlega mun það hlutfall þó vaxa eftir því sem eldri skuldbindingar greiðast upp.

Skv. ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu er lagt til að ábyrgðir á lánaskuldbindingum sem stofnaðar hafi verið fyrir gildistöku laganna skuli halda gildi sínu. E.t.v. er best að skilgreina það neikvætt hvaða skuldbindingar það eru sem ekki teljast lánaskuldbindingar skv. frumvarpinu. Þar er því um að ræða aðrar skuldbindingar s.s. skuldbindingar skv. ráðningarsamningum, skuldbindingar vegna almenns rekstur stofnunarinnar, hugsanlega skuldbindingar skv. skaðabótarétti og aðrar sambærilegar skuldbindingar. Dómstólar myndu vafalaust hafa síðasta orðið í að skera úr um einstök vafatilvik ef til þess kæmi að beita þyrfti umræddri lagagrein.

6. Er Landsvirkjun „opinber stofnun“ í skilningi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 21/1991 eða „félag með ótakmarkaða ábyrgð“ í skilningi 1. mgr. sömu greinar?

Það hefur ekki verið talið að Landsvirkjun sé opinber stofnun í skilningi 3. mgr. 5. gr. l. nr. 21/1991 né er um að ræða félag með ótakmarkaða ábyrgð í skilningi 1. mgr. sömu greinar. Landsvirkjun er eins og áður sagði sameignarfyrirtæki skv. sérstökum lögum. Verði frumvarpið að lögum er fyrirtækið ekki undanskilið umræddri grein laganna, sbr. b. lið 1. gr. frumvarpsins.